

Reykjavík, 7. maí 2003

Dómarafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998.

Umsögn félagsins lýtur eingöngu að breytingu á 6. gr. ofangreindra laga samkvæmt 4. gr. a frumvarpsins.

Orðið „fullnaðarnám” er óljóst í lagatextanum og er allsendis ófullnægjandi að gefa jafn róttæka skýringu á því eins og gert er í greinargerð. Þar segir meðal annars að meistaraþróf í lögfræði sé ekki fullnægjandi nema með fylgi grunnnám í lögræði en í texta frumvarpsins segir „... lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi ...”.

Það sem einkennir starf dómara er fjölbreytni þeirra mála sem koma á borð þeirra. Dómarar þurfa því að hafa til að bera almenna þekkingu á lögum þar sem í hlut þeirra kemur að fjalla um allar tegundir mála.

Algengustu einkamálin eru ýmis skuldamál þar sem mikið reynir á kröfu- og samningarétt, skaðabótamál ýmiss konar og vinnulaunamál. Þá fer fjölgandi málum þar sem reynir á stjórnáhrifurétt sem og forsjármálum. Einnig er nokkur fjöldi svonefndra ágreiningsmála um aðför, gjaldþrotaskipti, nauðungarsölu og dánarþúskaþrot. Í opinberum málum reynir á hin ýmsu svið refsiréttarins. Þar við bætast rannsóknarúrskurðir, svo sem gæsluvarðhalds- og húsleitarúrskurðir. Þá fer fjölgandi málum, þar sem reynir á mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, svo og málum sem varða Evrópurétt í ljósi EES-samningsins, umhverfisréttarmálum og málum á sviði félagaréttar og samkeppnisréttar. Í stuttu máli má segja að lagaumhverfið sé sífellt að verða flóknara.

Auk þess að kunna góð skil á undirstöðugreinum lögfræðinnar, svo sem réttarheimildafræði og lögskýringum, stjórnskipunarrétti, stjórnáhrifurétti, sífjaerfða- og barnarétti, kröfurétti, samningarétti, skaðabótarétti, eignarétti og refsirétti, verður dómari að vera afar vel heima á öllum sviðum réttarfars. Hið sama á við um lögmenn sem flytja mál fyrir dómstólum.


Samkvæmt 6. tl. 2. mgr. 4. gr. og 6. tl. 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 eru þær kröfur gerðar til embættisgengis dómara að þeir hafi lokið embættisþrófi í lögfræði eða háskólaþrófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt. Er lögin voru sett var embættisþróf frá lagadeild Háskóla Íslands eina embættisþrófið í lögfræði á Íslandi. Verður því að ganga út frá því að þær námskröfur, sem gerðar voru í deildinni við setningu dómstólalaga, hafi verið sá mælikvarði sem lagður var til grundvallar því að um væri að ræða embættisþróf í lögfræði sem nægði til þess að lögfræðingur uppfyllti skilyrði til embættisgengis sem dómari.

Lögmenn eru nánustu samstarfsmenn dómara. Er afar brýnt að þeir séu faglega vel undir það búinir að leggja mál fyrir dómstólana en gott starf lögmanna skiptir miklu máli við úrlausn mála fyrir dómstólum. Óumdeilt hefur verið að lögmenn þurfi að uppfylla sömu kröfur um lagamenntun og dómarar og verður að gera ráð fyrir að svo verði áfram.

Lagakennsla hófst hérlendis árið 1908. Fyrirmynd lagadeildar Háskóla Íslands var og hefur verið lagadeild Hafnarháskóla sem stofnuð var 1736. Má segja að sambærilegar eða a.m.k. mjög svipaðar kröfur séu gerðar til embættisprófs í lögfræði í þessum háskólum. Byggja kröfurnar því á gamalli reynslu.

Það er skoðun Dómarafélags Íslands að alls engin ástæða sé til að slaka á námskröfum í lagakennslu hérlendis til þess að öðlast réttindi sem héraðsdómslögmaður frá því sem nú er. Er því brýnt að ekki verði gerðar minni kröfur en gerðar eru í lagadeild Háskóla Íslands til embættisprófs í lögfræði í öðrum skólum á Íslandi sem ætla sér að útskrifa lögfræðinga sem eru hæfir til þess að verða lögmenn. Til þess að komast að skynsamlegri niðurstöðu um hvert inntak slíks náms eigi að vera telur félagið eðlilegt að sett verði á laggirnar nefnd sem skilgreini og skeri úr um hvort þær námskröfur, sem gerðar eru í viðkomandi skóla, séu fullnægjandi miðað við þann grunn sem yrði mótaður.

Dómarar og lögmenn eru þjónar almennings. Það eru því hagsmunir almennings, en ekki einstakra skóla, að einstaklingar í þessum starfsstéttum hafi lokið lagaprófi sem gerir þá hæfa til að gegna störfum sínum þannig að fyllsta réttaröryggis verði gætt.

F.h. Dómarafélags Íslands,  
  
Helgi I. Jónsson, formaður

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 128/153/**  
**komudagur 6.3.2003**

Jakob R. Möller, hrl.  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík

Reykjavík,  
5. marz 2003

Alþingi  
-allsherjarnefnd-  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
Reykjavík

**Umsögn formanns laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögmannalögum nr. 77/1998; þskj. 975 – 612. mál.**

Frumvarp þetta var lagt fram þann 17. febrúar 2003, fyrir því var mælt mánudaginn 3. marz og 1. umræðu lauk þriðjudaginn 4. marz og fór frumvarpið þá til háttvirtrar allsherjarnefndar. Í stað þess að senda frumvarpið til umsagnar til aðila utan þings eins og t.d. LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS, Dómarafélags Íslands og Réttarfarsnefndar, auk hagsmunaðila eins og Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Viðskiptaháskólans á Bifröst, er sá kostur valinn að boða einhverja umsagnaraðila á fund háttvirtrar allsherjarnefndar þegar föstudaginn 7. marz.

Fundarboð barst LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS í hádeginu í dag, miðvikudaginn 5. marz. Vegna þessa örskamma frests hefur ekki gefizt tækifæri til þess að kalla saman fund í laganefnd. Var því brugðið á það ráð, að formaður nefndarinnar tæki saman stutta umsögn um frumvarpið, að höfðu samráði við formann félagsins, Gunnar Jónsson, hrl., sem koma mun á fund háttvirtrar allsherjarnefndar.

Vafalaust er ástæða til þess að endurskoða lög um lögmennt í ljósi fenginnar reynslu, þótt skammvinn sé og eru þá efni til þess að endurskoða mun fleiri þætti en gert er í ofangreindu frumvarpi, svo sem ætlunin mun hafa verið. Eins og laganefnd LMFÍ hefur iðulega bent á, er heldur óheppilegur sá háttur að endurskoða smáhluta löggjafar í einu fremur en að heildarendurskoðun fari fram. Viðurkenna verður, að endurskoðun að litlu leyti getur átt fullan rétt á sér, ef brýn atvik valda. Hins vegar verður ekki séð að þannig hátti hér til eða ástæða sé til þess að skipta endurskoðun á lögmannalögum í marga áfanga. Í því sambandi má sérstaklega benda á að sá háttur sem hér er á hafður kemur í veg fyrir að Lögmannafélagi Íslands gefist kostur á að kynna frumvarpið fyrir félagsmönnum, svo sem ávallt hefur tíðkast við breytingar á lögum um lögmennt.

Frumvarpið skiptist í reynd í tvo þætti. Annarsvegar er aðlögun að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/5 frá 16. febrúar 1998, en fyrirvari Íslands við tilskipunina mun hafa fallið úr gildi þann 1. marz síðastliðinn, hinsvegar er breyting á skilyrði til þess að öðlast réttindi til málflyttings fyrir héraðsdómi, sem er í 6. gr. laganna.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> (Innan sviga má geta þess, að einnig er meiningarlaus breyting á 1. gr. laganna, sem felst í því að breyta orðalagi gildissviðs laganna án þess að séð verði að það hafi í för með sér efnislegar breytingar.)


Breytingin á 6. gr. felst í því, að niður verði felld það skilyrði að sá sem öðlast vill lögmannsréttindi skuli hafa lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands. Í stað þess komi: *“hefur lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi frá lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla.”*

Alkunna er, að fleiri háskólar en Háskóli Íslands hafa nú tekið upp kennslu í lögfræði, og enn fleiri hyggjast gera það. Ekki þarf að vekja athygli háttvirtrar allsherjarnefndar á þeirri nauðsyn sem almenningi og réttarríkinu er á því, að vel sé vandað til krafna sem gerðar eru til þeirra sem flytja mál borgaranna fyrir dómstólum og hljóta þær að endurspeгла kröfur sem gerðar eru til þeirra sem með dómsvaldið fara.

Að undanfögnu hefur nokkuð verið fjallað um þessa breytingartillögu á síðum Morgunblaðsins. Athygli vekur, að þar hafa m.a. tekið þátt fjórir virtir lögmennt í þessari tímaröð: Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl., Sigurmar K. Albertsson, hrl., Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hrl. og Ragnar H. Hall, hrl. Hinir þrír síðarnefndu hafa allir varað við því, að hafa þann hátt á, sem fyrirhugaður er með þeirri breytingu á 6. gr., sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hafa þeir bent á, að nauðsynlegt sé að skilgreina fyrst það námsefni, sem væntanlegir lögmennt þurfi að hafa numið og að einhverju leyti í hve miklum mæli. Með því er í raun sagt að ekki nægi að lögin kveði á um að væntanlegir lögmennt hafi lokið “fullnaðarnámi í lögfræði” heldur verði og að skilgreina í hverju það sé fólgið og hvernig metið verði hvort þeim skilyrðum sé fullnægt.

Af þessum ástæðum eru formaður LMFÍ og formaður laganefndar félagsins sammála um, að leggja til að háttvirt allsherjarnefnd beini því til dóms- og menntamálaráðherra að láta frekari undirbúningsvinnu fara fram áður en breytingar verði gerðar á menntunarskilyrðum til þess að öðlast rétt til málflutnings.

Virðingarfyllst,



Jakob R. Möller, hrl.  
formaður laganefndar LMFÍ



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1760*  
*komudagur 15.4.2003*

LÖGBERGI  
101 Reykjavík  
Sími: 525 4000

Allsherjarnefnd Alþingis,  
b.t. nefndasviðs Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. apríl 2003

Með vísun til bréfs háttvirtrar allsherjarnefndar, dagsetts 26. mars sl., þar sem laga-  
deild Háskóla Íslands er gefinn kostur á að láta í té umsögn um frumvarp til laga um  
breyting á lögum nr. 77/1998 um lögmenn, 612. mál, gerir deildin eftirfarandi  
athugasemdir við a-lið 4. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir breytingu á 4. tölul. 1.  
mgr. 6. gr. laganna. Athugasemdirnar voru samþykkar samhljóða á fundi lagadeildar  
8. apríl sl. Það skal tekið fram að ekki eru gerðar athugasemdir við önnur ákvæði  
frumvarpsins.

1.

Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. núgildandi laga um lögmenn er það eitt af skilyrðum  
þess að öðlast réttindi sem héraðsdómslögmaður að umsækjandi hafi „lokið embættis-  
prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands“. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. má leggja að jöfnu við  
prófið „sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd skv. 1. mgr. 7. gr. telur sýnt  
að umsækjandi hafi næga þekkingu á íslenskum lögum.“

Allt frá því að lagadeild Háskóla Íslands tók til starfa árið 1911 hefur hefðbundið  
laganám við deildina tekið mið af námsgreinum og námskröfum, sem gerðar eru við  
lagadeild Kaupmannahafnarháskóla, þar sem Íslendingar lögðu stund á laganám fram  
til ársins 1908. Það ár var Lagaskólinn settur á stofn hér á landi, en hann var síðar  
lagður niður um leið og Háskóli Íslands tók til starfa.

Þótt ekki hafi verið gerðar í lögum sérstakar efniskröfur til laganáms við lagadeild  
Háskóla Íslands hefur deildin sem fyrr segir tekið mið af þeim námsgreinum og náms-  
kröfum sem gerðar hafa verið til hefðbundins laganáms í Danmörku og reyndar  
annars staðar á Norðurlöndum. Sést þetta m.a. á samanburði á þeim námsgreinum,  
sem laganemum er skylt að leggja stund á, annars vegar við lagadeild Háskóla Íslands  
og hins vegar við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla, sbr. meðfylgjandi yfirlit.

Í Danmörku mun það tíðkast að þeir einir fá að hefja hefðbundið laganám við Kaup-  
mannahafnarháskóla og Árósháskóla sem hlotið hafa allháa einkunn á stúdentsprófi.

Lagadeild Háskóla Íslands hefur ekki gert slíkar kröfur, heldur geta allir, sem lokið hafa stúdentsprófi eða sambærilegu prófi, hafið nám við deildina. Á hinn bóginn hafa verið gerðar tiltölulega strangar námskröfur við lagadeild. Þannig er gerð krafa um lágmarkseinkunnina 7,0 í almennri lögfræði og skyldum grunngreinum á fyrsta misseri námsins og síðan lágmarkseinkunnina 6,0 í öðrum námsgreinum við deildina, sbr. 6. mgr. 92. gr. og 5. mgr. 93. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, meðan flestar aðrar deildir Háskólans gera kröfu um lágmarkseinkunnina 5,0 á einkunna-skalanum 0-10, sbr. 62. gr. reglnanna. Þessar ströngu námskröfur hafa m.a. leitt til þess að árlega hafa á bilinu 40-60 lögfræðingar útskrifast frá lagadeild hin síðari ár. Þetta munu vera álíka margir eða ívið fleiri lögfræðingar en útskrifast hafa í Danmörku síðustu árin, miðað við íbúatölu. Eftir því sem næst verður komist, hafa lögfræðingar, sem útskrifast hafa frá lagadeild Háskóla Íslands, staðist fyllilega samanburð við erlenda lögfræðinga, hvort sem er í námi eða starfi erlendis.

Með því að miða skilyrði um almenna lögfræðimenntun lögmanna við embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands, eins og gert er í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. núgildandi laga um lögmenn, er í reynd stuðst við efnislegt viðmið, eins og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Jafnframt er þeim, sem lokið hafa sambærilegum prófum frá öðrum háskólum, tryggt fullt jafnræði á við þá, sem lokið hafa embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands, sbr. fyrrgreint ákvæði í 3. mgr. 6. gr. laganna. Þetta þýðir að sjálfsgöðu ekki að námsgreinar og námskröfur þurfi að vera nákvæmlega eins við lagadeildir annarra háskóla og við lagadeild Háskólans, heldur að þetta tvennt sé sambærilegt. Í þessu sambandi má geta þess að prófnefnd skv. 7. gr. laganna hefur lagt þýskt lagapróf að jöfnu við embættispróf í lögum frá Háskóla Íslands.

Með vísun til þessa lítur lagadeild Háskóla Íslands svo á að ekki sé þörf á að gera breytingar á 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um lögmenn, nema að vel athuguðu máli, eins og gerð verður nánari grein fyrir hér á eftir. Minnt er á að samkvæmt íslenskum lögum er Háskóla Íslands einum skylt að starfrækja lagadeild og halda þar með uppi lagakennslu á háskólastigi, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 41/1999.

## 2.

Í lögum nr. 136/1997 um háskóla segir að menntamálaráðherra skuli „hafa eftirlit með gæðum menntunar, sem háskólar veita“, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna, auk þess sem gert er ráð fyrir að ráðherra setji „almennar reglur“ um það „með hvaða hætti hver háskóli skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar, hæfni kennara og hvernig ytra gæðaeftirliti skuli háttað“, sbr. 1. tölul. 5. gr. þeirra. Í 2. mgr. 6. gr. laganna segir orðrétt: „Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.“ Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. þeirra skal ráðherra „gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra.“

Samkvæmt núgildandi lögum um háskóla er ráðherra ekki veitt bein heimild til þess að setja reglur um inntak náms og námskröfur í einstökum fræðigreinum. Hér á landi hafa heldur ekki verið settar neinar samræmdar reglur um það efni og á það jafnt við lögfræði sem aðrar greinar. Þessu er öðru vísi farið á öðrum Norðurlöndum, t.d. í Danmörku, þar sem settar hafa verið ítarlegar reglur um háskólanám í hefðbundinni lögfræði. Þar er m.a. kveðið á um þær grunngreinar, sem kenndar skulu, og þær náms-

kröfur, sem gera skal, sbr. meðfylgjandi reglugerð nr. 698/1994, sem sett hefur verið með heimild í 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 11. gr. dönsku háskólagaganna nr. 334/1993. Þótt reglugerðin sé ekki bundin við tiltekna háskóla, eins og áður tíðkaðist, hafa einungis tveir háskólar í Danmörku, Kaupmannahafnarháskóli og Árósháskóli, heimild danska menntamálaráðuneytisins til þess að útskrifa embættisgenga lögfræðinga þar í landi.

Öfugt við það, sem gert hefur verið á öðrum Norðurlöndum og víðast hvar í Evrópu, virðist svo sem menntamálayfirvöld hér á landi hafi tekið þá ákvörðun að láta þá háskóla, sem hlotið hafa almenna viðurkenningu menntamálaráðuneytisins, sjálfráða um það hvaða námsgreinar og námskröfur eru lagðar til grundvallar prófum í lögfræði, hvort sem er BA-prófi eða embættis- eða meistaraþrófi. Þótt lagadeild Háskóla Íslands telji æskilegt að háskólar njóti sem mest sjálfræðis, er eðlilegt að því sjálf-ræði séu settar skorður með tilliti til gæða kennslu og þar með náms, eins og reyndar er gengið út frá í núgildandi lögum um háskóla, sbr. einkum 3. mgr. 9. gr. sem vitnað er til hér að framan.

Í sjálfu sér er engin ástæða til að ætla annað en að íslenskir háskólar muni leitast við að gera vissar lágmarkskröfur um gæði kennslu og náms, þ.m.t. náms í hefðbundinni lögfræði. Hins vegar er sennilegt að þær kröfur verði aðrar og minni en gerðar hafa verið hingað til á þessu sviði háskólanáms hér á landi. Ástæðan er ekki síst sú að fjárframlög til háskólakennslu miðast við þær námseiningar sem þreyttar eru. Ef gerðar væru t.d. sambærilegar námskröfur við lagadeild Háskóla Íslands og gerðar eru í flestum öðrum deildum Háskólans myndu 100-120 laganemar standast próf við deildina á fyrsta ári í stað 50-60 sem þýddi að útskrifuðum lögfræðingum frá deildinni myndi fjölga um á að giska helming frá því sem verið hefur. Vegna þess að þreyttum einingum fjölgaði allverulega myndu fjárframlög til deildarinnar aukast að sama skapi, án þess að útgjöld ykjast í sama mæli. Fjárhagur hennar myndi því batna til muna.

Ef ekki verða settar samræmdar reglur um nám í hefðbundinni lögfræði er ennfremur líklegt að inntak þess náms verði mjög mismunandi frá einum háskóla til annars. Sést þetta t.d. ef bornar eru saman þær námsgreinar, sem laganemum er skylt að leggja stund á, annars vegar við lagadeild Háskóla Íslands og hins vegar við lagadeild Háskólans í Reykjavík, sbr. meðfylgjandi yfirlit.

Sem fyrr segir hefur nám í hefðbundinni lögfræði haft þá sérstöðu í samanburði við annað nám í félagsvísindum, ekki aðeins hér á landi, heldur á öðrum Norðurlöndum og víðast hvar í Evrópu, að gerðar hafa verið strangari kröfur til þeirra, sem stundað hafa laganám, heldur en annað nám, sem fellur undir félagsvísindi í rýmri merkingu, þ.m.t. nám í viðskiptafræði. Jafnframt hafa verið gerðar ítarlegri kröfur um inntak náms í hefðbundinni lögfræði en tíðkast hefur í öðrum greinum. Ástæðan er sú að hefðbundið laganám felst, öðrum þræði, í undirbúningi undir störf lögmanna og dómara, þar sem gerð hefur verið krafa um víðtæka þekkingu á sviði lögfræði, þ. á m. á tilteknum grunngreinum hennar. Þetta þýðir að nám í viðskiptafræði er miklum mun fjölbreyttara að eðli og inntaki en nám í hefðbundinni lögfræði, enda er boðið upp á viðskiptafræðináms (og nú á síðari árum nám í svonefndri viðskiptalögfræði) í fjölmörgum háskólum á Norðurlöndum, meðan aðeins er mögulegt að stunda hefðbundið laganám við tvo háskóla í Danmörku, þrjá í Noregi, fimm í Svíþjóð og þrjá í Finnlandi.

## 3.

Ríkir almanna- og einkahagsmunir mæla með því að gerðar séu miklar kröfur til menntunar lögmanna og reyndar einnig til menntunar dómara í nútímaþjóðfélagi. Jafnframt hefur verið gengið út frá því að þeir, sem þessum störfum gegna, geti tekist á við hvers konar dómsmál, jafnt einkamál sem sakamál.

Þær kröfur, sem gerðar eru til almennrar lögfræðipækkingar lögmanna samkvæmt núgildandi lögum um lögmenn og tryggðar eru með vísun til embættisprófs í lögfræði frá Háskóla Íslands í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr laganna, eru í samræmi við þær kröfur um almenna lögfræðipækkingu, sem gerðar eru til lögmanna á öðrum Norðurlöndum, þ. á m. í Danmörku. Að áliti lagadeildar Háskóla Íslands mæla engin rök með því að slaka á þessum kröfum, enda væri þá verið að gera minni kröfur til íslenskra lögmanna en gerðar eru til lögmanna í nágrannalöndum okkar. Slíkt gengi auk þess í berhögg við þá viðleitni sem uppi hefur verið höfð til þess að samræma kröfur þær sem gerðar eru til lögmanna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ef áfram á að gera sömu eða sambærilegar kröfur til almennrar þekkingar lögmanna á sviði lögfræði og gerðar eru samkvæmt núgildandi lögum, má segja að einkum komi tvær leiðir til greina. Sú fyrri er að gera strangar og samræmdar lágmarkskröfur til hins hefðbundna háskólanáms í lögfræði, þannig að því megi treysta að þeir, er útskrifast sem lögfræðingar úr háskóla, hafi aflað sér þessarar menntunar. Þessi aðferð er sú, sem viðhöfð hefur verið hér á landi, svo og á öðrum Norðurlöndum og reyndar í flestum öðrum Evrópuríkjum. Síðari leiðin er að efna til sérstaks prófs fyrir verðandi lögmenn, að loknu háskólaprófi í lögfræði, til þess að ganga úr skugga um að þeir hafi yfir að ráða þeirri almennu þekkingu á lögfræði sem til þarf. Sú aðferð tíðkast í Bandaríkjunum og nokkrum öðrum ríkjum.

Séu þessar tvær leiðir eru bornar saman hefur fyrri leiðin, þ.e. að gera strangar og samræmdar lágmarkskröfur til háskólanáms í hefðbundinni lögfræði, ýmsa kosti umfram þá síðari. Í fyrsta lagi hefur það ótvíræðan kost fyrir þá, sem stunda laganám, að fá sem fyrst úr því skorið hvort þeir hafi aflað sér tilskilinnar menntunar til þess að öðlast lögmansréttindi. Að öðrum kosti þyrftu þeir fyrst að ljúka fimm ára háskólanámi í lögfræði og síðan sérstöku prófi, þar sem m.a. yrði reynt á kunnáttu þeirra í ýmsum grunngreinum lögfræðinnar sem þeir hefðu e.t.v. lagt stund á nokkrum árum áður. Slíkt tvöfalt kerfi yrði í senn tímafrekara og kostnaðarsamara en það fyrirkomulag sem nú gildir. Í öðru lagi er tryggt, með þeirri skipan, sem gilt hefur hér á landi og á öðrum Norðurlöndum, að þeir, sem lokið hafa háskólaprófi í lögfræði, hafi tileinkað sér tiltekna grunnmenntun á því sviði. Slíkt er mikilvægt vegna þess að lögfræðingar sinna ekki einungis lögmans- og dómarastörfum, heldur hefur verið sóst eftir þeim í önnur störf, jafnt af hinu opinbera sem einkafyrirtækjum.

Með 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að verðandi lögmenn þurfi framvegis að hafa lokið „fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi frá lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla.“ Þrátt fyrir orðalag í athugasemdum við þessa grein frumvarpsins er þetta skilyrði óljóst og veitir sem fyrr segir enga tryggingu fyrir því að þeir, sem lokið hafa slíku námi, fullnægi sömu kröfum og þeir sem lokið hafa „embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands“, sbr. 4.



tölul. 1. mgr. 6. gr. nógildandi laga. Ef áfram á að gera sömu eða sambærilegar kröfur til almennrar lögfræðipækkingar lögmanna og gerðar eru nú, þarf þar af leiðandi að ganga úr skugga um hvort þessi þekking sé til staðar hjá verðandi lögmönnum með sérstöku prófi í líkingu við svonefnt „bar examination“ í Bandaríkjunum.


Prófraun sú, sem mælt er fyrir um í 7. gr. laga um lögmenn, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. þeirra, er einskorðuð við þær greinar „bóknáms og verkmenntunar sem helst varða rækslu lögmannsstarfa“, sbr. 2. mgr. 7. gr. Ef prófa á sérstaklega almenna þekkingu verðandi lögmanna á sviði lögfræði, þyrfti að rýmka þetta orðalag og jafnvel breyta fleiri ákvæðum laganna.

#### 4.

Lagadeild Háskóla Íslands telur brýnt að fram fari viðræður milli fulltrúa annars vegar ráðuneyta dómsmála, menntamála og jafnvel fjármála og hins vegar þeirra háskóla, sem bjóða nú þegar upp á kennslu í lögfræði, þar sem farið verði ítarlega yfir þá kosti sem gerð er grein fyrir hér að framan. Samhliða verði afluð upplýsinga um tilhögun náms í hefðbundinni lögfræði og þær kröfur, sem gerðar eru til almennrar þekkingar lögmanna á sviði lögfræði, á öðrum Norðurlöndum og jafnvel víðar.

Að þessum viðræðum loknum verði tekin meðvituð ákvörðun um það, af hálfu Alþingis og hlutaðeigandi stjórnvalda, hvernig skipa skuli þessum málefnum til fram-búðar. Eins og lýst er í kafla 1 hér að framan, liggur ekkert á að breyta nógildandi lögum um lögmenn að þessu leyti. Betra er að skoða mál það, sem hér liggur fyrir, frá öllum hliðum áður en endanleg ákvörðun verður tekin. Ef tekið yrði það orlagaríka skref að lögtaka 4. gr. frumvarpsins óbreytta, án þess að gera samhliða aðrar breytingar á lögum og/eða stjórnvaldsfyrirmælum, er hætt við að ekki verði aftur snúið, jafnvel þótt síðar kæmi í ljós að þessi breyting á 6. gr. laga um lögmenn hefði haft margvísleg óæskileg áhrif.

Fyrir hönd lagadeildar Háskóla Íslands,



Eiríkur Tómasson,  
deildarforseti

## Inntak laganáms til B.A. prófs í lögfræði

	Lagadeild H.Í. Hafnarháskóli		Háskólinn í Reykjavík
Almenn lögfræði (Réttarheimildarfræði, lögskýringar, réttar- heimspeki, réttarsaga)	36 Inngangur 30 réttars. 81 almenn lögfr. 16 verkefnat.	26 á 1. ári 108 á 2. ári	1 vika 8 tímar síðan 4 tímar í viku (13) 2 verkefna tímar aðra hverja vikju frá og með 7. viku 68 samtals
Stjórnskipunarréttur og þjóðaréttur	72 fyrirlestrar 20 verkefnat. 10 málstofur	Stjórnsk.r. og inngangur að MSE 130 tímar 30 þjóðaréttur	3 fyrirlestr. á viku 1 verkefnat. á viku x 14 vikur
	<b>102</b> tímar samt.	<b>160</b> tímar samtals	<b>56</b> samtals
Sifja-, erfða- og barna- réttur	72 tímar	92 tímar	0
Samningaréttur	66 tímar	60 tímar	48 (4 t. á viku x 12)
Skaðabótaréttur	96 tímar	60 tímar	48 (4 t. á viku x 12)
Stjórnsýsluréttur	120 tímar	120 tímar	48 (4 t. á viku x 12)
Eignaréttur	96 tímar	120 tímar	48 (4 t. á viku x 12)
Kröfuréttur	(6 t. á viku í ár) 144 tímar	120 tímar	56 (4. t. á viku x 14)
Réttarfar	(6 t. á viku í ár) 144 tímar	132 tímar	60 tímar
Refsiréttur	(6. t. á viku í ár) 144 tímar	90 tímar	48 tímar
BA ritgerð	Já	Já	Ekki skylda en möguleg
Evrópuréttur	0	60 tímar	48 tímar

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 128/1796**  
**komudagur 6. S. 2003**

Nefndasvið Alþingis  
Helga E. Þórisdóttir, nefndaritari.  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 6. maí 2003.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögmennt nr. 77/1998, 128. löggjafarþing 2002-2003, þskj. 975 – 612. mál.**

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar og telur ekki efni til að gera athugasemdir við 1., 2., 3., 5. og 6. gr. frumvarpsins. Þá gerir nefndin ekki athugasemdir við b-lið 4. gr. frumvarpsins. Sjónarmið laganefndarinnar varðandi a-lið 4. gr. frumvarpsins fara hér á eftir.

Laganefnd LMFÍ er sammála þeirri grunnhugsun, sem býr að baki þeirri breytingu sem lögð er til á 4. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998, þannig að jafnræði verði tryggt meðal háskóla á Íslandi þar sem kennd er lögfræði.

Lögmönnum er í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/1998 fenginn einkaréttur til að gæta hagsmuna aðila sem ekki fer sjálfur með mál sitt fyrir dómi eða fyrirvarsmaður hans. Einungis eitt frávik er frá þessari meginreglu, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Ákvæðið felur það meðal annars í sér, að lögmaður í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sem hefur heimild til að fara þar með mál annarra fyrir dómstóli, hefur jafnframt heimild til að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna í máli fyrir samsvarandi dómstóli hér á landi, enda njóti hann í þinghöldum aðstoðar lögmanns sem starfar hér á landi.

Einkaréttur lögmannna til að reka mál fyrir dómstólum felur ekki einungis í sér tiltekin réttindi þeim til handa heldur leggur hann einnig ákveðnar skyldur á lögmennt. Umbjóðendum lögmannna, dómurum og öðrum þeim, sem fela lögmönnum tiltekin verk efni eða vinna störf sín í samstarfi við þá, er að sönnu rétt að gera ríkar kröfur til lögmannna, sem sérfróðra aðila á þessu sviði, að því er varðar þekkingu og vönduð vinnubrögð. Vegna þessa er afar brýnt að mati laganefndar LMFÍ að hvergi verði slakað á þeim kröfum sem gerðar hafa verið til menntunar lögmannna hingað til.

Laganefnd LMFÍ tekur, að svo komnu máli, hvorki afstöðu til þess hvert skuli vera efnisinntak menntunar lögmannna né heldur til þess hvernig tryggja eigi að lögfræðingar, sem áhuga hafa á því að gerast lögmennt, búi yfir nægilegri þekkingu á sviði lögfræði til þess að hljóta réttindi sem lögmennt. Laganefndin telur þó nauðsynlegt að þannig verði frá málum gengið, í tengslum við breytingar á 4. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 77/1998, að áfram verði tryggt að lögfræðingar, sem hug hafa á því að gerast lögmennt, búi yfir yfirgripsmikilli og fjölbættri þekkingu á sviði lögfræði. Telur nefndin einsýnt, að námskeið til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda muni ekki í óbreyttri mynd nægja til þess að leggja dóm á þekkingu og færni varðandi lögmannna, nema tryggt verði með öðrum hætti að þekking þeirra á efnisrétti lögfræðinnar sé fullnægjandi.

Í athugasemdum um 4. gr. frumvarpsins segir meðal annars, að með orðunum fulln- aðarnám í lögfræði sé vísað til þess að viðkomandi hafi lokið heildstæðu laganámi, bæði grunn- og framhaldsgráðu eða embættisprófi. Ekki er nægilegt í þessu sambandi að viðkomandi hafi lokið grunnnámi í annarri grein en meistaraprófi í lögfræði. Lagane- fnd LMFÍ er sammála þessari skilgreiningu, en telur eðlilegt að hún verði tekin upp í lagatextann sjálfan. Telur nefndin ekki nægjanlegt að skilgreininguna sé einungis að finna í athugasemdum við greinina.

Lagane- fnd LMFÍ vekur ennfremur athygli á því að sumar af mikilvægustu greinum lögfræðinnar eru ekki nefndar í upptalningu á helstu grunngreinum hennar í athuga- semdum um 4. gr. frumvarpsins, þar með talið stjórnskipunarréttur, stjórnsluréttur og þjóðaréttur.

Virðingarfyllst,

f.h. lagane- fndar Lögmannafélags Íslands

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,  
formaður

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1777  
komudagur 30.7.2003

LÖGRÉTTA,  
FÉLAG LAGANEMA VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

apríl 24, 2003

Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.

Háttvirta Allsherjarnefnd.

Lögrétta, félag laganema við Háskólann í Reykjavík, hefur tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998 (lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002-2003).

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Frumvarp þetta er lagt fram sökum þess að verið er að setja inn í íslenska löggjöf tilskipun EES-nefndarinnar um breytingu á VII. viðauka EES-samningsins um að fella inn í hann tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/5 frá 16. febrúar 1998. Þessi breyting hefur í för með sér að verið er að auðvelda lögmönnum innan EES-svæðisins að starfa í öðru aðildarríki en því ríki sem þeir öðlast réttindi sín innan.

Aðrar breytingar sem þetta frumvarp tekur til eru um þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að gegna embætti héraðsdómslögmanns. Núgildandi lög segja að embættispróf í lögfræði þurfi frá Háskóla Íslands. Frumvarp þetta gerir þá breytingu að nóg sé að hafa lokið prófi í lögfræði frá lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi skv. lögum um háskóla.

Lögrétta telur rétt að benda á þá óeðlilegu stöðu sem lagadeild Háskóla Íslands nýtur. samkvæmt 7. grein laga nr. 77/1998 um lögmenn. Væri æskilegt að nefndin taki þá grein til skoðunar í starfi sínu og geri breytingar sem koma í veg fyrir óeðlileg afskipti lagadeildar Háskóla Íslands af framkvæmd prófraunar umfram aðrar lagadeildir í landinu. Ekki kemur annað til greina en að lagadeildir komi að framkvæmd prófraunar. Við leggjum til að allar lagadeildir eigi möguleika á sæti í prófnefndinni.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Engin athugasemd við grein þessa.

Um 2. gr.

Engin athugasemd við grein þessa.

Um 3. gr.

Engin athugasemd við grein þessa.

Um 4. gr.

Breyting þessi hefur orðið valdur að deilum um inntak laganáms á Íslandi. Sú deila hefur varðað kröfur sem gera þarf til kennslu lögfræðinnar sem fræðigreinar. Andstæðingar þessa frumvarps til breytinga á lögum um lögmenn hafa talið að ekki sé nógu ítarlega tekið fram hvað kenna skuli. Í athugasemdum um 4. gr. þessa frumvarps er tekið fram hvaða grunngreinar kenna skuli meðal annars í grunnnámi laganáms á Íslandi. Óeðlilegt er að binda í lög nánar inntak laganáms á Íslandi því eðlilegt er að lagadeildir hvers skóla njóti ákveðins frelsis til kennslu. Samanburður við hin Norðurlöndin sýnir fram á að þar eru hvergi gerðar þær kröfur að lagakennsla skuli vera sniðin í sama formið. Hvernig má þá réttlæta það að lögmenn innan EES-svæðisins geti komið hingað til lands og starfað án þess að hafa stundað lögfræðináms sem samræmist kröfum Íslendinga?


April 24, 2003

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að setja í reglugerð kröfur eða nánari útlistanir hvað kenna skuli við einstaka kennslugreinar, skv. lögum um háskóla. Lögrétta telur með öllu ómögulegt að binda í lög grunnkröfur til laganáms. Andstæðingum frumvarps þessa hefur ekki tekist að benda á neinar raunhæfar leiðir til að fara í þeim efnum. Það er engin trygging fyrir gæðum kennslu að kenna sem flesta tíma. Inntak tímanna er það sem öllu máli skiptir. Núverandi eftirlit með skólum fer fram hjá menntamálaráðuneytinu og telur Lögrétta að svo skuli áfram vera, enda því ráðuneyti best treystandi til að hafa umsjón með menntamálum á Íslandi. Þess ber einnig að geta að engin lagadeild, sem vill láta taka sig alvarlega, getur sleppt því að kenna réttarheimildarfræði, lögskýringar, kröfurétt, skaðabótarétt, refsirétt og réttarfar. Lögrétta hvetur því til þess að grein þessi verði óbreytt.


Um 5. gr.  
Engin athugasemd við grein þessa.

Um 6. gr.  
Við leggjum til að greininni verði breytt og hljóði svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Engin ástæða er fyrir því að vera að draga framkvæmdina frekar á langinn.

Virðingarfyllt,



Jón Kristinn Sverrisson, formaður Lögréttu, félags  
laganema við Háskólann í Reykjavík.



Andri Gunnarsson, formaður ritnefndar.



ORATOR  
FÉLAG LAGANEMA

Alþingi  
Erindi nr. Þ 128/1791  
komudagur 7.5.2003

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. Helgu E. Þórisdóttur  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Orators, félags laganema við Háskóla Íslands, við fyrirhugaðar breytingar á lögum um lögmenn nr. 77/1998.**

**I.**

Með vísan til bréfs yðar dags. 26. mars 2003 var Orator, félagi laganema, gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillögu hæstvirts dómsmálaráðherra á lögum um lögmenn nr. 77/1998.

**II.**

Félagið telur rétt að gera athugasemdir við þær breytingartillögur sem koma fram í a-lið 4. gr. frumvarpsins en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við aðrar breytingartillögur.

Breytingin hljóðar svo: „4. tölul. 1. mgr. orðast svo: hefur lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi frá lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt iögum um háskóla.“

Lögmenn hafa sem kunnugt er einkarétt á málflytningi fyrir einstaklinga og lögaðila hér á landi, sbr einkum 1. mgr 2. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 (lögml.). Þeir skulu hafa til að bera sérstaka þekkingu á íslenskum og eftir atvikum erlendum réttarreglum, sérstaklega á þeim sviðum er snerta meðferð dómsmála, þannig að hægt sé að fela þeim málflytning um þá hagsmuni sem menn fela dómstólum landsins að úrskurða um. Þeim ber í hvítetna að rækja þau störf sem þeim er trúað fyrir af alúð og neyta allra lögmaetra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna, sbr 18. gr. lögml. Réttur til þess að kalla sig lögmenn er og lögverndað starfsheiti sbr. 2. mgr 29. gr lögml. Telja verður að það sem hér að ofan hefur verið rakið sé megininntak lögmennsréttinda og það sem greini lögmenn frá lögfræðingi.

Í núgildandi lögum koma þau skilyrði, sem aðilar þurfa að uppfylla, fram í 6. gr. laganna, í fimm tölulíðum . Í 1., 2. og 3. tl. koma fram skilyrði sem ætla má að þorri manna uppfylli, og svo í 4. og 5. tl. þau skilyrði sem ætla má að færri uppfylli, þ.e. að hafa embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands eða sambærilegt próf að mati prófnefndar (sbr. 3. mgr. greinarinnar), auk þess að hafa staðist sérstakt próf. Prófið skv. 5. tl. reynir á afmarkaða þætti og gert er ráð fyrir því skv. tölulíðnum að grundvallarþekking í lögfræði liggi fyrir hjá próftökum.

Hér er því ekki um að ræða heildstætt próf sem reynir á flest þau svið sem helst reynir á í störfum lögmanna, eins og tíðkast til að mynda í Bandaríkjunum í svokölluðu „bar exam“, heldur er einungis verið að þjálfva verðandi lögmenn

sérstaklega í þeim þáttum sem snúa að málflytningi og rekstri lögmannsstofu, sbr. reglugerð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins nr. 774/2000, um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður.

Samkvæmt núgildandi lögum telst maður bær til þess að afla sér lögmannsréttinda, hafi maður embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands *eða sambærilegt próf frá öðrum háskóla*, sbr. 3. mgr. 6. gr lögml. Gert er ráð fyrir að hægt sé að leggja fyrir slíka aðila sérstakt próf í íslenskum lögum, en varla kemur til slíks þegar um er að ræða aðila með kunnáttu í íslenskri lögfræði, heldur verður eflaust fremur beitt um þá sem hafa erlenda prófgráðu og þekkingu á erlendum rétti.

Kostur núgildandi laga er að fyrir hendi er ákveðið próf, viðmið, og svo er öðrum, sem hafa sambærilegt próf, heimilt að afla sömu starfsréttinda. Prófnefnd skv. 1. mgr 7. gr lögml. metur svo skv. lögnum hvort skilyrðum laganna sé fullnægt. Verður að telja að, prófnefnd muni fyrst og fremst líta til svokallaðra grunngreina lögfræðinnar. Við nám við lagadeild HÍ, sem og við aðrar lagadeildir á Norðurlöndunum, þá byggist námið upp á þriggja ára námi í grunngreinum, og svo tveggja ára námi, þar sem nemendur kjósa þá sérhæfingu sem þeim hentar.

Skv. 2. gr reglna um BA-nám í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands, sem settar eru með stoð í 3. mgr 91. gr reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, hafa grunngreinar til embættisprófs í lögfræði verið skilgreindar. Reglurnar fylgja umsögn þessari og eru áritaðar sem viðauki I.

Menntunarkröfur eru gerðar til lögmannna í öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Á Norðurlöndunum tíðkast það að skilgreina fyrirfram hvaða menntun það er sem er tæk til öflunar lögmannsréttinda og meta síðan hverju sinni hvort skilyrðum sé uppfyllt. Hefur verið sú leið meðal annars verið farin bæði í Danmörku og Svíþjóð, þar sem grunnskilyrði um tilhögun laganáms til embættisprófs eru settar í reglugerðum menntamálaráðuneytis, með stoð í viðeigandi lögum um háskóla.

Í Danmörku er nú í gildi reglugerð nr. 498/1994 um kennslu í lögfræði við háskóla, sem sett er af danska menntamálaráðuneytinu með stoð í lögum um háskóla. Í fyrsta kafla reglugerðarinnar er fjallað um inntak námsins og tilgang þess. Í 6. gr er fjallað um hvaða greinar skuli kenna á fyrstu þremur árum laganáms (bachelorsuddanelse). Þær greinar sem eru taldar upp í 6. gr. eru hliðstæðar þeim greinum lögfræðinnar sem lagadeild HÍ leggur til grundvallar á fyrstu árum laganáms. Reglugerðin fylgir með umsögn þessari og er árituð sem viðauki II.

Í Svíþjóð er í gildi reglugerð sænska menntamálaráðuneytisins SFS 1993:100, með síðari breytingum. Reglugerð þessi er um háskólanám almennt og því mun víðtækari en reglugerð danska menntamálaráðuneytisins sem hér var skýrt frá að ofanverðu. Í 16. kafla 2. viðauka reglugerðarinnar, en viðaukinn er settur með stoð í 4. og 5. gr. 6. kafla reglugerðarinnar, er fjallað um embættispróf í lögfræði (Juris kandidatexamen). Þar er talið upp í hvaða greinum nemendur skuli hafa öðlast svo mikla fræðilega og verklega þekkingu að það nýtist þeim í starfi sem lögmennt og dómara. Skilgreining sænska menntamálaráðuneytisins á grunngreinum í lögfræði sbr. 16. kafla 2. viðauka reglugerðarinnar er og sambærileg við skilgreiningu lagadeildar HÍ og danska menntamálaráðuneytisins. Úrdráttur reglugerðarinnar fylgir umsögn þessari og er áritaður sem viðauki III.



Í Bandaríkjunum tíðkast hins vegar svokallað „bar exam“ kerfi þar sem tekið er heildstætt próf úr þeim fögum sem talin eru nauðsynleg til þess að afla lögmansréttinda. Þær kröfur og greinar sem reynir á í þessum fögum eru ákveðnar af hverju fylki fyrir sig, en háskólar hafa ekki um þetta sjálfsvald.

### III.

Ókostur þeirra breytingartillagna sem fyrir liggja er að óljóst er hvað felst í þeim skilyrðum sem sett eru, nema þó stutturðar athugasemdir í greinargerð. Verði tillaga þessi að lögum er því í raun og veru hvergi að finna neina beina skilgreiningu á því hvaða greinar í lögfræði skulu lagðar til grundvallar og inntak þeirra við mat á því hvort skilyrði 4. tl. 1. mgr 6.gr teljist uppfyllt. Hvorki í breytingatillögu nefndarinnar né í lögum um háskóla nr. 136/1997 er því að finna lágmarksskilgreiningu á inntaki laganáms eða hvaða greinar umfram aðrar beri að leggja til grundvallar í laganámi til embættis- eða meistaraprófs.

Í lögmansréttindum felst að um er að ræða löggildingu af hálfu hins opinbera sem veitir aðilum einkarétt til starfa á ákveðnu sviði, enda er meðal annars tekið fram í 2. mgr. 1. gr að lögmenn séu opinberir sýslunarmenn í ákveðnum störfum. Verður því með hliðsjón af því að telja að hið opinbera, veitingarvaldshafinn, verði að meta hvaða nánari menntunarskilyrði lögmenn þurfi að uppfylla.

Nám til embættis- eða meistaraprófs í lögfræði hlýtur að eiga að vera eðlislíkt, að minnsta kosti í grunninn. Félagið telur að breytingartillögurnar feli í sér framsal á því til háskóla landsins, að meta hvaða skilyrði og menntun lögmenn þurfi að uppfylla. Það leiðir til þess að lögmanssefni kunna að hafa mjög ólíkan grunn að baki, allt eftir mati skólanna sjálfra. Í dæmaskyni má nefna að ökuskólar hér á landi meta ekki hvaða efni skal kennt til undirbúnings ökuréttindum, enda gæti það leitt til mjög ólíkrar undirstöðu. Á sama hátt er um að ræða opinbera löggildingu og einkarétt til aksturs á ökutæki. Þar fer kennsla fram skv. námsskrá sem Umferðarráð setur, sbr. 26. gr. reglugerðar nr. 501/1997.

Það er því álit félagsins að áður en þessar breytingartillögur verði samþykktar þurfi að liggja fyrir hvað aðgreinir þá menntun sem bær er til öflunar lögmansréttinda frá öðru námi á háskólastigi. Slíkt liggur ekki fyrir nú.

Það verður og að teljast meinbugur á breytingarfrumvarpinu að enginn matsaðili er fyrir hendi, sem metur til að mynda hvaða menntun er nægileg. Virðist nægja að skólinn sjálfur telji að um lögfræðimenntun sé að ræða. Löggjafinn ræður þannig ekki kröfunum, heldur skólarnir. Almennar viðmiðanir verða að liggja fyrir, og einnig hverjum verði falið að meta umrædd viðmið.

Það hlýtur einnig að teljast mikilvægt í réttarríki að tryggt sé að þeir sem hafa opinbera löggildingu til að annast mikilsverða hagsmunagæslu fyrir almenning og lögaðila, búi yfir lágmarksþekkingu á ákveðnum sviðum lögfræðinnar og séu færir til þess að annast hvers konar lögfræðistörf, hvort sem er innan eða utan dómstóla. Skv. 1. mgr. 20. gr. lögml. er lögmanni skylt að taka við tilnefningu eða skipun sem verjandi í opinberu máli. Traust almennings á stétt lögmanna og réttaröryggi hlýtur því að skipta verulegu máli þegar kemur að breytingu á lögum um lögmenn.

Samkeppni milli skólanna er þó ekki skert á nokkurn hátt með þessu, enda yrði um að ræða lágmarkskröfur til menntunar lögmanna, ákveðin grundvallarfög sem talin

eru nauðsynleg til þess að afla umræddra starfsréttinda. Þessi fög eru m.a. nefnd í greinargerð með frumvarpi til laganna, en félagið telur að slík skilyrði verði að liggja skýrar fyrir í lögnum, en ekki sem greinargerðartexti sem ekki er bindandi. Telja verður að það myndi ekki skapa háskólum vandkvæði að uppfylla þær grundvallarkröfur á þessu sviði sem gera verður, ef þeir kenna eða hyggja á kennslu í lögfræði til lögmennsku á háskólastigi. Félagið telur og eðlilegt að háskólar fengju síðan svigrúm til þess að meta hvernig þeir vilja ná þeim markmiðum sem sett eru og hvernig viðkomandi skóli hyggst móta eigin sérstöðu, innan ramma laga og þeirra skilyrða sem sett yrðu. Þannig gætu t.d. verið innan skólanna sérstakar brautir til menntunar lögmanna og dómara, og svo aðrar sem leggja meiri áherslu á samþættingu laganáms og annarra greina.

Sú leið að skilgreina grunn námsins fyrirfram, líkt og Danir og Svíar hafa gert, og fela það svo háskólunum að kenna þessi fög, verður að teljast heppilegri. Nemendur þurfa þá ekki að loknu fimm ára námi að skrá sig í skólanám á ný til þess að taka próf aftur í því sem áður hefur verið kennt. Það er jafnframt ljóst að báðar þessar leiðir heimila ekki forræði skólanna sjálfra á því hvaða menntunarkröfur séu gerðar til lögmanna, heldur eru þær settar, eins og hér er lagt til, af löggjafanum sem veitir umrædd réttindi.


Að öllu framansögðu virtu er það mat félagsins að fyrir þurfi að liggja framtíðarsýn um hvor leiðin skuli farin hér á landi. Skammvinnar lausnir til þess eins að ná orðalaginu „Háskóli Íslands“ út úr lögnum verða að vera gerðar af forsjá en ekki kappi. Þess skal þó getið að félagið hefur ekkert því á móti að orðalagi greinarinnar verði breytt úr þeirri veru að Háskóli Íslands verði það viðmið sem sett er, en telur að í staðinn þurfi að setja annað sambærilegt og almennt viðmið, líkt og gert er í þeim löndum sem við berum okkur saman við.


Með vísan til þessa telur félagið að umræddar breytingartillögur þjóni ekki hagsmunum laganáms né almennings í núverandi mynd. Nauðsynlegt er að til þess bærir aðilar komi sér saman um það, hvaða leið verði farin til þess að tryggja að lögmenn hafi nægilega þekkingu að baki til þess að fá einkarétt til málflutningsstarfa og að almenn sátt ríki milli háskóla, lögmanna, almennings og annarra sem að þessum málum koma. Fyrst þá verður hægt að gera viðunandi breytingar á lögum um lögmenn.

#### IV.

Orator þakkar fyrir tækifæri til þess að koma athugasemdum að varðandi tillögur til breytinga á lögmannelögum nr 77/1998.

Lögbergi, 25. apríl 2003.

  
 Arni Hrafn Gunnarsson  
 formaður Orators

  
 Sesselja Sigurðardóttir  
 varaformaður Orators

## Viðauki I.

### Reglur um BA-nám í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands

Samþykktar á deildarfundi í lagadeild 2. júlí 2002

1. gr.

Lagadeild veitir kennslu til BA-prófs í lögfræði. Kennsla fer fram í námsgreinum sem metnar eru til námseininga. Nám í lögfræði til BA-prófs jafngildir 90 námseiningum.

2. gr.

Námsgreinar til BA-prófs í lögfræði, vægi hvorrar þessara greina og niðurröðun þeirra á kennslumisseri er eins og að neðan greinir:

**1. ár - haustmisseri, 15 e:**

Almenn lögfræði 9 e

Inngangur að lögfræði 3 e

Ágrip af réttarsögu 3 e

**1. ár - vormisseri, 15 e:**

Heimspækileg forspjallsvísindi 2,5 e

Sifja- og erfðaréttur 5 e

Stjórnskipunarréttur ásamt ágripi af þjóðarétti 7,5 e

**2. ár - haustmisseri, 15 e:**

Samningaréttur 5 e

Skaðabótaréttur 7,5 e

Stjórnsýsluréttur I 2,5 e

**2. ár - vormisseri, 15 e:**

Eignaréttur 7,5 e

Stjórnsýsluréttur II 7,5 e

**3. ár - haustmisseri, 15 e:**

Kröfuréttur I 5 e

Refsiréttur I 5 e

Réttarfar I 5 e

**3. ár - vormisseri, 15 e:**

Kröfuréttur II 4 e

Refsiréttur II 4 e

Réttarfar II 4 e

BA-ritgerð 3 e

3. gr.

Heimilt er umsjónarkennara í hverri námsgrein í BA-námi að leggja þá skyldu á stúdenta, að þeir leysi af hendi allt að tveimur æfingum meðan þeir stunda nám í

viðkomandi grein. Nánar um æfingaskyldu vísast til reglna um æfingaskyldu stúdenta í lagadeild Háskóla Íslands.

4. gr.

Háskólaárið telst frá 1. júlí til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár Háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 20. ágúst til 21. desember og vormisseri frá 7. janúar til 15. maí.

Kennslutímabil lagadeildar eru frá 1. september til 30. nóvember að hausti og frá 7. janúar til 10. apríl að vori. Lagadeild getur ákveðið frávík þegar sérstaklega stendur á.

Kennsla í hverri námsgrein fer fram á einu kennslumisseri.

5. gr.

Próftímabil lagadeildar eru frá 7. til 21. desember að hausti og frá 20. apríl til 15. maí að vori. Sjúkra- og upptökupróf eru haldin á tímabilinu 15. til 25. ágúst að sumri. Lagadeild getur ákveðið frávík þegar sérstaklega stendur á.

Próf í inngangi að lögfræði skal haldið á miðju kennslutímabili á haustmisseri, en próf í öllum öðrum námsgreinum til BA-prófs skulu haldin í lok viðkomandi kennslutímabils. Sjúkra- og upptökupróf í inngangi að lögfræði, ágrípi af réttarsögu og almennri lögfræði skulu eingöngu haldin á vorpróftímabili en ekki á sumarpróftímabili.

Sjúkra- og upptökupróf í öðrum námsgreinum til BA-prófs skulu haldin á sumarpróftímabili og um þau fer eftir ákvæðum 56. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Heimilt er að halda sérstakt sjúkrapróf í almennri lögfræði, utan hefðbundins sjúkrapróftímabils, og skal það auglýst með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara.

Próftími í skriflegum prófum í BA-námi skal að jafnaði ekki vera lengri en þrjár klukkustundir.

Próf í námsgreinum í BA-námi skulu vera skrifleg og skulu þau byggð á námsefni næstliðins misseris nema annað sé skýrt tekið fram.

6. gr.

Til að standast próf verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 7,0 í öllum þremur námsgreinum fyrsta misseris, hverju um sig, þ.e. almennri lögfræði, inngangi að

lögfræði og ágripi af réttarsögu, en 6,0 í öðrum greinum og BA-ritgerð hverri um sig. Lokaeinkunn til BA-prófs í lögfræði skal reiknuð sem vegið meðaltal einkunna úr einstökum námskeiðum.

Stúdent, sem hefur lokið prófum í almennri lögfræði, inngangi að lögfræði og ágripi af réttarsögu er ekki heimilt að gangast oftár en fjórum sinnum undir sama próf í námsgreinum í BA-námi. Falli stúdent fjórum sinnum á prófi í sömu námsgrein í BA-námi er hann fallinn úr lagadeild.

7. gr.

Á fyrsta misseri BA-náms í lögfræði, haustmisseri, getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í þremur námsgreinum, þ.e. almennri lögfræði, inngangi að lögfræði og ágripi af réttarsögu.

Á vормisseri fyrsta námsárs getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í stjórnskipunarrétti ásamt ágripi af þjóðarétti, sífja- og erfðarétti og heimspekilegum forspjallsvísindum.

Skilyrði þess að stúdent geti skráð sig í aðrar námsgreinar í BA-námi en sem nefndar eru í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, er að hann hafi staðist próf í öllum þremur námsgreinum fyrsta misseris, þ.e. almennri lögfræði, inngangi að lögfræði og ágripi af réttarsögu.

8. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 7. mgr. 91. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, með breytingum árið 2002, og taka þær gildi við upphaf haustmisseris 2002. Reglunum verður beitt um stúdenta sem innrita sig til náms við lagadeild háskólaárið 2002-2003 og síðar.

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1767  
komudagur 11. 4. 2003

**Réttarfarsnefnd**


Reykjavík, 9. apríl 2003.

Allsherjarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu  
150 Reykjavík

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis 26. mars 2003, þar sem þess er farið á leit að réttarfarsnefnd gefi umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998.

Þar sem frumvarp þetta hlaut ekki afgreiðslu á nýliðnu þingi telur réttarfarsnefnd ekki tímabært að svo stöddu að gefa umsögn um frumvarpið. Verði frumvarpið hins vegar flutt á ný á næsta þingi óskar nefndin eftir að fá tækifæri til að koma umsögn sinni á framfæri við allsherjarnefnd.

Virðingarfyllst  
f.h. réttarfarsnefndar



Benedikt Bogason, ritari

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/1769*  
*komudagur 28.4.2003*

Þingmál 612

Frumvarp til laga um lögmenn, EES reglur, námskröfur

Skólafélag Viðskiptaháskólans á Bifröst



Bifröst, 21. apríl 2003

Háttvirta allsherjarnefnd,

Álit Skólafélags Viðskiptaháskólans á frumvarpi til breytinga laga um lögmenn er einfalt. Frumvarpið er skref í rétta átt til jafnræðis í sambandi við lög um lögmenn. Frumvarpið er eðlilegt og stefnir lögum á Íslandi í þá átt sem þau eiga að fara, í átt að því að vera sem réttlátust.

Umsögn um einstakar greinar frumvarpsins:

Skólafélag Viðskiptaháskólans á Bifröst hefur engar athugasemdir við neina liði frumvarpsins og er samþykkt breytingunum sem fylgja þeim. Telur félagið að ekki þurfi nánar að ræða aðra liði heldur en 4.gr. a) en mestan stýrr hefur staðið um innihald þeirrar greinar.

4. gr. a er rétt skref til þess að fylgja jafnræðisreglu stjórnarskrár, þ.e. að lög gildi jafnt um alla. Að lögfræðipróf eitt frá viðurkenndum háskóla sé nægjanlegt til að bera heitið lögmaður er eðlilegt. Ekki er réttlætanlegt að einungis einn skóli fái þau réttindi.

Eitt sinn hafði Háskóli Íslands einn rétt á því að útskrifa viðskiptafræðinga. Lögum nr. 27 frá 1981 var aftur á móti breytt og jafnræðisreglu stjórnarskrár fullnægt. Nú þykir öllum eðlilegt að fleiri skólar en Háskóli Íslands geti útskrifað viðskiptafræðinga. Hér erum við að sjá sömu þróun í lögum um lögmenn. Að ætla að setja sig á móti þessu nær engri átt.

Í lögum um dómstóla, nr. 15 frá 1998, um það hverjir geta orðið hæstaréttardómarar kemur fram að hæstaréttardómarar verða einungis að vera með embættispróf í lögfræði. Afhverju setjum við

lögmonnum þessa lands þær kröfur að þeir verði að vera með próf frá Háskóla Íslands ef við ætlum ekki að gera það við hæstarréttardómara?

Háttvirta Allsherjarnefnd, frumvarpið sem liggur fyrir ykkur er hreint og klárt mannréttindamál. Mannréttindamál þeirra stúdenta sem stunda nú nám við lögfræðideildir háskólanna. Þeirra nám er að miklu leyti í höndunum á ykkur. Þetta fólk treystir á ykkur, að þið sjáið þeim fyrir einföldum mannréttindum þeirra. Að þið breytið eftir 65. gr. stjórnarskrár, að lög gildi jafnt yfir alla. Að þeir sem stunda nám í lögfræði utan Háskóla Íslands eigi þann möguleika til jafns á við stúdenta Háskóla Íslands að verða lögmenn.

Við, Skólafélag Viðskiptaháskólans á Bifröst, treystum á ykkur Alþingismenn að breyta rétt og samþykkja þetta frumvarp.

f.h. Skólafélags Viðskiptaháskólans á Bifröst



Bragi Rúnar Axelsson

Formaður Skólafélagsins

bragia@bifrost.is

s: 8618801



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1770  
komudagur. 28. 4. 2003

Bifröst 25. apríl 2003

**Efni: Umsögn Viðskiptaháskólans á Bifröst um frumvarp til laga um breyting á lögum um lögmenn nr. 77/1998. 128. löggjafarþing 2002-2003, þskj. 975 - 612. mál.**

Viðskiptaháskólinn á Bifröst hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar og mælir eindregið með því að það verði afgreitt og gert að lögum sem fyrst. Með 4. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 4. tl. 1. mgr. 6. gr. lögmanna laga nr. 77/1998 í þá veru að jafnræðis verði gætt milli lögfræðinga um heimild til að afla sér lögmansréttinda án tillits til þess frá hvaða innlenda háskóla þeir hafa lokið prófi. Viðskiptaháskólinn á Bifröst fagnar þessari tillögu sem er sjálfsgöð og eðlileg breyting á lögmanna lögum í ljósi þeirrar staðreyndar sem nú þegar liggur fyrir að innan skamms munu fleiri innlendir skólar en Háskóli Íslands útskrifa lögfræðinga.

Það orðalag nógildandi lögmanna laga sem miðar við sérréttindi Háskóla Íslands til að geta útskrifað lögfræðinga sem aflað geta sér lögmansréttinda án sérstaks hæfnisprófs er afar umdeilanlegt og áhöld um hvort slíkt ákvæði standist jafnræðissjónarmið.


Viðskiptaháskólinn á Bifröst bendir á að í öðrum þeim lögum þar sem fjallað er um lögfræðipróf sem skilyrði réttindanautnar og sem nýlega hafa verið endurskoðuð hefur verið valið hlutlaust orðalag að þessu leyti. Þetta á t.d. við um dómstólalögin 15 frá 1998 en þar er í 4. gr. fjallað um skilyrði sem fullnægja verður til að geta orðið dómari við Hæstarétt. Þar er orðalagið; „*Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.*“

Viðskiptaháskólinn á Bifröst bendir á að sambærileg breyting á lögum nr. 27/1981 um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga var nýlega gerð (126. löggjafarþing 2000-2001, þskj. 770, 484. mál) þau rök sem búa að baki þeirri breytingu eru algjörlega hliðstæð þeim sem hér eiga við.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst fagnar umræðu um kröfur sem gera verður til inntaks laganáms og vill leggja sitt af mörkum til þeirrar umræðu en telur hins vegar að sú umræða sé óskyld því úrlausnarefni sem hér er til umfjöllunar. Því

til sönnunar nægir að benda á að hvernig sem frumvarpi þessu reiðir af munu skv. þeim ákvörðunum sem þegar liggja fyrir og teknar hafa verið af handhöfum almannavalds nemendur með fullgilt lagapróf verða útskrifaðir frá öðrum háskóla en Háskóla Íslands innan fárra missera.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Ingibjörg Þorsteinsdóttir', written over a horizontal line.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir,  
deildarstjóri lögfræðideildar  
Viðskiptaháskólans á Bifröst